

Heimavistarreglur Menntaskólans á Ísafirði

Skólaárið 2020 til 2021

I. Stjórn heimavistar

1. Skólameistari fer með yfirstjórn heimavistar og setur vistarreglur. Hann ræður starfsmenn til að fara með daglega stjórn og umsjón vistarinnar.
2. Vistarbúar kjósa á almennum vistarbúafundi vistarráð og/eða einn fulltrúa/trúnaðarmann úr sínum hópi sem annast málefni nemenda og er fulltrúi þeirra gagnvart vistarverði og skólameistara.
3. Almenna vistarbúafundi skal boða með sólarhrings fyrirvara með auglýsingum í heimavist, svo oft sem þörf krefur, þó ekki sjaldnar en við upphaf hverrar annar.

II. Almennar reglur

1. Ganga skal vel um húsakynni og lóð heimavistar og fara eftir reglum heimavistarinnar, sem taka mið af reglum um búsetu í fjölbýlishúsum.
2. Hver vistarbúi fær lykil að sínu herbergi og útidyrhurð. Greiða skal tryggingagjald við móttöku lykils sem endurgreitt verður þegar lykli er skilað, svo fremi að herbergi sé í viðunandi ástandi. Herbergisbúi bætir skemmdir á herbergi sem verða af hans völdum. Heimilt er að krefja íbúana í heild um greiðslu fyrir skemmdir í sameiginlegu rými, ef ekki er upplýst hver hafi valdið þeim.
3. Á tímabilinu 23:00 til 07:00 skal vera næði (svefnfriður/þögn) á heimavist, bæði á herbergjum og á göngum og húsnæði heimavistarinnar er læst á þessum tíma. Stranglega er bannað að taka útihurðir úr lás þegar þær eru læstar.
4. Neysla og geymsla áfengis, tóbaks (þar með talið á rafsígarettum) og annarra vímuefna er með öllu óheimil svo og allt ónæði af þeirra völdum.
5. Íbúum heimavistar er skylt að vera í mat í mötuneyti og fara eftir mötuneytisreglum.
6. Vistarverðir og skólameistari eiga hvenær sem er aðgang að herbergjum til eftirlits en þó að íbúa herbergis viðstöddum. **Gert er ráð fyrir að ástand herbergja verði kannað reglulega.** Vistarbúar mega ekki skipta um herbergi án leyfis.
7. Óheimilt er að færa húsgögn úr herbergjum fram á ganga, eða koma með eigin húsgögn inn í herbergi heimavistar nema í samráði við vistarvörð.
8. Heimavistarbúar eru ábyrgir fyrir því að gestir þeirra fari eftir þessum heimavistarreglum. **Eftir kl. 23:00 er engum utanaðkomandi heimilt að vera á vistinni, nema til hafi komið sérstakt leyfi vistarvarðar eða skólameistara og viðkomandi vistarbúi hafi með skýrum hætti tekið ábyrgð á gesti sínum.**

III. Reglur um þrif og umgengi

1. Vistarbúar sjá um þrif á herbergjum sínum og losun á rusli á viðeigandi hátt.
2. Óflokkanlegt rusl skal setja í vel lokaðar umbúðir/poka og í sorpgeymslu um op í kjallaragangi en flokkaður úrgangur s.s. pítsukassa, pappír, plast, tómar dósir og flöskur skal setja undir stigann við hliðina á ruslarennum eða í viðeigandi flokkunarpoka þar sem hreingerningavörurnar eru geymdar.
3. Hreingerningavörur eru á tveimur stöðum, í herbergi á annarri hæð við lyftuna (við hliðina á herbergi 217) og í hornherbergi á annarri hæð á við hliðina á herbergi nr. 209. Hreingerningavörum/tækjum ber að skila á sinn stað strax að notkun lokinni.
4. Öll matseld á íbúðargöngum er óheimil og meðferð matvæla skal einskorðast við aðstöðu í mötuneyti.
5. Nota skal kennaratyggi ef festar eru upp myndir, veggspjöld eða því um líkt á veggum í herbergjum.
6. Heimavistarbúum er bent á að skilja aldrei eftir verðmæti í ólæstum herbergjum. Þeir hafa lykla að herbergjum sínum og bera ábyrgð á því sem þar er geymt.

IV. Viðurlög við brotum á heimavistarreglum.

1. Ítrekuð eða alvarleg brot á reglum þessum geta leitt til brottvísunar og brot sem varða við landslög verða kærð til lögreglu. Brjóti nemandi heimavistarreglur er honum veitt skrifleg viðvörðun áður en til áminningar kemur. Fái nemandi áminningu skal hún vera skrifleg þar sem fram kemur tilefni áminningar, viðbrögð við henni og tímafrestur til andmæla.

V. Sóttvarnaraðgerðir og hertar reglur vegna COVID19 sem virkjaðar eru tímabundið frá 18. ágúst

1. Reglur þessar gilda tímabundið þar til annað er gefið út og eru á þeim tíma æðri öðrum heimavistarreglum.
2. Virða ber fjalægðarmörk milli einstaklinga og þurfa þau að vera að lágmarki 1 m á milli einstaklinga.
3. Gestir á heimavist eru hvergi leyfilegir í húsnæði vistarinnar, hvorki að degi né nóttu.
4. Hver vistarbúi þarf að sinna einstaklingsbundnum sóttvörnum og fara að fyrirmælum sóttvarnarlæknis.
5. Hver vistarbúi reynir að lágmarka umgang í almennum rýmum heimavistarinnar eins og unnt er.
6. Virða ber öll skrifleg fyrirmæli sem sett eru upp í almennum rýmum heimavistar og við innganga, fylgja þarf leiðarmerkjum á gólfi, s.s. örvum og stöðupunktum, til að halda að lágmarki 1 m bili milli einstaklinga.
7. Ef einhver grunur vaknar um einkenni sem tengjast COVID-19 hjá vistarbúa eða að hann hefur umgengist einhvern sem reynist smitaður af kórónaveirunni, skal strax hafa samband við vistarvörð með skilaboðum (póstur eða sími) og halda kyrru fyrir í sínu herbergi þar til vistarvörður og/eða skólastjórnendur hafa metið ástandið og haft samband við viðkomandi.
8. Gæta ber hreinlætis með handþvotti og spritta skal hendur við komu og brottför á heimavist og í matsal auk rýma í sameiginlegri aðstöðu s.s.:
 - a. baðherbergi við lyftu nálægt inngangi í mötuneyti,
 - b. í kompum/herbergjum með hreingerningavörum
 - c. í þvottahúsi
 - d. í matsal og
 - e. við sorplúgu í kjallara.
9. Hver og einn þarf að gæta hreinlætis við allar athafnir í almennum rýmum heimavistar og nota spritt til að þurrka af vinnuflötum og tækjum sem notuð hafa verið s.s.:
 - a. borðum og bekkjum í eldhúsi og þvottahúsi,
 - b. handföngum og hurðum á tækjum í eldhúsi
 - c. þvottavélum og þurrkara
10. Einn inngangur/útgangur er fyrir vistarbúa á efri hæðum heimavistarinnar. Hann er um norður hlið heimavistar, hjá FabLab. Vistarbúar skulu ganga þaðan inn í þvottahús, um milligang að lyftu og síðan upp á efri hæðir hússins, og sömu leið út.

Ég hef vandlega lesið heimavistarreglurnar, fengið skýringar á þeim og skuldbind mig til að fara eftir þeim.

Staður og dags. _____

Undirritun heimavistarbúa _____